# Á FATLAÐ FÓLK SKILYRÐISLAUSAN TIL ÞJÓNUSTU?

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Sambands íslenskra sveitarfélaga



# Réttindavakning þjónustuþega og aðstandenda

Sáttmáli SÞ um réttindi fatlaðs fólks er valdeflandi

Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir nr. 39/2018 vísa til sáttmálans

Dómar og úrskurðir um málshraðareglu stjórnsýsluréttar vísa til þessara réttarheimilda

Endurskoðun SIS-mats og einstaklings-bundinna þjónustuáætlana leiðir undantekningarlítið til aukinnar þjónustu og kostnaðarauka

- Er þetta sjálfsögð þróun og til hagsbóta fyrir þjónustuþega?
- Eða stríðir hún gegn grunnhugsun um hjálp til sjálfshjálpar, sbr. 8. gr. laganna?
- Eru sveitarfélög nægilega gagnrýnin á þróunina?





# Umræðan á vettvangi sveitarfélaga




- Þrýstingur á fötlunarhugtakið eykst sífellt
  - breyttar forsendur frá yfirfærslu
  - ekkert gengur að fækka gráum svæðum

Nýir hópar kalla á mjög dýr úrræði - innbyggð kostnaðarhækkun

- Dæmi 1: Börn með fjölþættan vanda (stækkandi hópur - dýr þjónusta einkaaðila)
- Dæmi 2: Einstaklingar með framheilaskaða (hópur á gráu svæði) - dýr endurhæfing
- Dæmi 3: Yngri hjúkrunarsjúklingar (hópur á gráu svæði m.t.t. heilbrigðisþjónustu)

Viðvarandi halli er í málaflokknum, sem fer ört vaxandi

Hvert leiðir sú þróun okkur ef engin leiðrétting fæst?

Er svarið eingöngu meira fjármagn?

Aukin stýring og skýrari stefna ríkis og sveitarfélaga gætu e.t.v. hjálpað

# Örstutt um Notendastýrða persónulega aðstoð

- NPA: Aðstoð sem stjórnað er af notanda þjónustunnar með þeim hætti að hann skipuleggur aðstoðina, ákveður hvenær og hvar hún er veitt, velur aðstoðarfólk og hver annast umsýslu á grundvelli starfsleyfis þar að lútandi.
- Styður við markmið laga um að skapa fötluðu fólki skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum.



# Lagastoð NPA

- Lagastoð er í 11. gr. laga nr. 38/2018 en innleiðing stendur enn yfir á grundvelli bráðabirgðaákvæðis.
  - Þar til innleiðingartímabili lýkur er Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) valkostur við hefðbundna þjónustu sveitarfélaga frekar en skilyrðislaus réttur til lögbundinnar þjónustu.

- *Úr bráðabirgðaákvæði:*

*Ákvæði þetta og fyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar auk þeirra álitaefna sem upp koma við framkvæmd laga þessara á tímabilinu skal endurskoða innan þriggja ára frá gildistöku þeirra í ljósi fenginnar reynslu.*



# Innleiðingartímabil NPA þjónustu

- Á innleiðingartímabilinu veitir ríkissjóður framlag til eftirfarandi fjölda samninga um notendastýrða persónulega aðstoð sem skal ráðstafað í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem tiltekinni hlutdeild af fjárhæð samninga, á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum:
- Á árinu 2018 vegna allt að 80 samninga.
- Á árinu 2019 vegna allt að 103 samninga.
- Á árinu 2020 vegna allt að 125 samninga.
- Á árinu 2021 vegna allt að 150 samninga.
- Á árinu 2022 vegna allt að 172 samninga.



- NPA-þjónusta er mjög eftirsótt - Reyndin er þó að fjöldi samninga nær ekki ofangreindum markmiðum en samningar eru viðameiri en áætlað var.

# Raunveruleikinn

Áætlaður fjöldi samninga 2020 var 125



# Héraðsdómur 24. mars um NPA þjónustu



- Í dómnum kemur fram að þrátt fyrir að í lögunum sé að finna ákvæði um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga varðandi tiltekinn fjölda af samningum, þá er ekki að finna ákvæði eða heimildir í lögunum sem bindur rétt fatlaðs fólks til NPA því skilyrði að mótframlag berist frá ríkissjóði.
- Samstarf ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun þjónustunnar er einstaklingum sem nýta hana óviðkomandi og er sveitarfélögum óheimilt að setja slíka fyrirvara eða binda réttindi fólks með vísan til þess samstarfs.
- Í ljósi þess hve NPA eru mikilvæg réttindi, hafi verið sérstök ástæða fyrir sveitarfélagið að hraða afgreiðslu umsóknarinnar og ekkert réttlæti þær tafir sem orðið hafi á virkjun þjónustunnar, enda hvíla ríkar skyldur á sveitarfélaginu um að gera strax viðeigandi ráðstafanir svo að fólk geti notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð samkvæmt lögum.

# Fleiri mál í pípunum

- Annað dómsmál sem bíður flutnings fyrir Landsrétti varðar biðlista eftir sértæku húsnæði - að þjónustuþegar eigi rétt á nákvæmari upplýsingum um hvenær þeir megi vænta úrlausnar
  - Hversu raunhæft er að veita slíkar upplýsingar er kjarni áfrýjunar málsins af hálfu svfél.
- Á sama tíma er í lokavinnslu skýrslu Ríkisendurskoðunar um innleiðingu laga nr. 38/2018.



# Vinna við heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 stendur yfir.

Undirnefnd vinnur að endurskoðun á fyrirkomulagi NPA.

Krafa sambandsins að innleiðingartímabil skv. bráðabirgðaákvæði verði lengt til 1. janúar 2024.

Fjölmörg álitaefni sem þarf að skýra betur.





# Væntingar um niðurstöðu Landsréttar

- Dómur líklega kveðinn upp síðdegis í dag, 8. október
- Þjónustuþörf stefnda (ES) hefur þegar verið mætt.
- Dómsorð mun því meira snúa að meintri meingjörð í hans garð.
- Afstaða sveitarfélaga hlýtur að vera að fyrirvari um aðkomu ríkis sé óhjákvæmilegur við gerð NPA-samninga.
- Bærinn krefst sýknu af skaðabótaskyldu og miskabótakröfu




Andstæð niðurstaða við ofangreint mun augljóslega kalla á viðbrögð af hálfu sveitarfélaga. Mun hafa áhrif á vinnu við endurskoðun laganna.

# Staða sveitarfélaga - Halli verður áfram næstu 3 árin

- Sveitarfélög gera ráð fyrir halla, 2,5% af tekjum á næsta ári.
- Afgangur ekki í augsýn fyrr en 2024.
- Skuldir samstæðu A+B verða 165% af tekjum fram til 2024 þegar þær lækka lítillega.
- Skuldareglan: Skuldir undir 150%
- Fjármálareglur endurvekjast 2026.

